

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 31. maí 2010

**Erindi: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 með síðari breytingum, nr. 557**

Stjórn fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd kom saman og fór yfir frumvarpið. Stjórnin lýsir yfir ánægju sinni með tímabæra endurskoðun laganna. Sérstaklega vill stjórnin nefna ánægju með eftirfarandi breytingar: Að tilkynningaskylda nái nú einnig til barna sem ekki eiga lögheimili á Íslandi, að barnaverndarnefndir landsins eigi nú óvægjanlegan rétt á gögnum frá stofnunum og fagaðilum, að sett eru tímamörk á gagnaöflun og afgreiðslu mála fyrir dómstólum, að settar hafa verið greinar er fjalla um réttarstöðu forsjárlausra foreldra sem og forsjárforeldra sem barn býr ekki hjá. Auk þess fögnum við því að börn njóti nú meiri jafnræðis, óháð búsetu, varðandi úrræði er eiga að tryggja hagsmuni þeirra og öryggi.

Stjórnin gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. 10. gr e-liður. Stjórnin fagnar því að fastsettur er frestur í vinnslu máls. Miðað við vinnuálag á starfsmönnum í barnavernd almennt þá þykir þessi stutti frestur hinsvegar óraunhæfur.
2. 10. gr f-liður. Eðlilegt þykir að staðfesta eingöngu tilkynningu samkvæmt 17. gr barnaverndarlaga þar sem markmið f-liðar er að auka samstarf barnaverndarnefnda og annarra er koma að málefnum barna.
3. 12. gr b-liður. Lagt er til að í sérstökum tilfellum vari fósturráðstöfun til allt að 23 ára aldurs sbr. norsk barnaverndarlög.
4. 26. gr. Hér er þörf á afgerandi orðalagi: *Getur barn gengið inn í mál sem er til meðferðar hjá dómstólum áður en barn náði 15 ára aldri? Eða á það rétt á að ganga inn í mál sem hefst eftir að 15 ára aldri er náð?*
5. 48. gr. Ekki er tekið á því að barn með umönnunarbætur sem vistað er utan heimilis missir umönnunarbæturnar við þá ráðstöfun.

Fyrir hönd fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd.



María Gunnarsdóttir, formaður